

Fundargerð 70. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 5. Október 2022 14:30-15:10

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS).

Forföll: Baldur Dýrfjörð (BD).

Dagskrá:

- Fundargerðir 67. Og 68. stjórnarfundar
- Aðal- og fræðslufundur Vafrí 2022
- Önnur mál

1. Fundargerðir 67. og 68. stjórnarfundar

Frestað til næsta fundar.

2. Störf vetrarins

Rætt var að næsti viðburður yrði málþing sameiginlegt með Jarðtæknifélaginu **um ofanvatns- og jarðtæknimál á mýrar- og lágsvæðum**. Málefnið er mjög brýnt, þar sem verið er að skipuleggja mörg þróunarsvæði á mýrar- og lágsvæði þar sem grunnvatnsstaða er mjög há, ss. Blikastaðir, Frostastkjól, og Sigtúnsreitirinn. Skapar það bæði tæknilegar áskoranir og vekur umhverfisspurningar.

Rætt var að málþingið væri röð fyrirlestra frá mismunandi sjónarhornum, eins og: (1) Sýn skipulagsyfirvalda eða Skipulagsfræðingafélags Íslands, hvers vegna er verið að byggja á Mýrarsvæðum? (2) Árni Finnsson, náttúruverndarsamtök Íslands eða Landvernd, mikilvægi mýrarsvæða í líffræðilegum fjölbreytileika og í baráttunni um hnattræna hlýnun. (3) Sigurður Grétar Sigmarsson um uppbyggingu á Álfanesi. (4) Erindi frá Jarðtæknifélaginu.

HSP hefur samband við Aldísi Ingimarsdóttur varðandi upplegg og tímasetningu, og heyrir mögulega í Skipulagsstofnun. SGS ætlar ræðir innanhúss í Verkís um áhugaverð framlög á sviði skipulags- og umhverfismála. Rætt væri að best væri að hafa málþingið í síðasta lagi vikuna 14-18 nóvember. Skipulagsdagur skipulagsstofnunar er 17 nóvember 2022.

3. Önnur mál

Gjaldkeri upplýsti um vandamál sem komu upp við að greiða reikning og að 7 þkr féllu í dráttarvexti á félagið.

Fundi var slitið kl. 14:50. Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is